



Reykjavík, 6. febrúar 2025

SFS24110083

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

TILLAGA

Breytingartillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um skiplagsbreytingar í Dalskóla

Lagt er til að starfseiningar Dalskóla; annarsvegar grunnskóli og frístundaheimili og hinsvegar leikskóli verði aðgreindar frá og með skólaárinu 2025 - 2026. Grunnskólinn verður eftir sem áður fyrir nemendur í 1. – 10. bekk og verði frístundaheimili samrekið með grunnskólanum. Óbreytt er að leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Við hvorn skólann verði skólastjóri. Báðar stöður verði auglýstar á vormánuðum 2025.

Við breytinguna njóti skólarnir stuðnings vinnuhóps sem vinnur að farsælum aðskilnaði eininganna. Hópurinn verði skipaður núverandi skólastjórnendum, fulltrúum í skólaráði (foreldra, kennara, starfsmanna og nemenda), fulltrúa frá mannauðspjónustu, skrifstofa grunnskólamála, skrifstofu leikskólamála og fjármálþjónustu skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að hópurinn taki til starfa nú þegar og starfi þar til breytingarnar hafa formlega gengið eftir.

Staðsetning stjórnunar frístundaheimilisins verði skoðuð sérstaklega, hvort frístundaheimilið heyri áfram undir grunnskólann eða færist undir stjórn frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar. Niðurstöður þeirrar skoðunar verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð.

Greinargerð:

Dalskóli er samrekinn leik- og grunnskóli og frístundaheimili sem hóf starfsemi haustið 2010. Dalskóli er með 166 börn í vistun í leikskólahluta og rúmlega 500 nemendur í grunnskólahluta, 92 börn eru skráð í frístundaheimili skólans. Skólastarf er í tveimur byggingum í Úlfarsárdal, leikskóli fyrir yngstu árganga í annarri byggingunni og bæði skólastig í hinni byggingunni. Frístundaheimili er starfrækt í grunnskólahluta Dalskóla.

Dalskóli er með fjölmennari skólum í Reykjavík. Stjórnunarspönn er umfangsmikil bæði faglega og rekstrarlega. Heimild fyrir aðstoðarstjórnendum á báðum skólastigum gefur tækifæri til að dreifa verkefnum en þó helst á sviði mannauðs og innra starfs. Verkefni skólastjóra eru viðamikil og þarf mikla yfirsýn, bæði vegna stórrar stjórnunarspannar og einnig vegna samvinnu við aðra starfsemi í byggingunni s.s. menningarhús og sundlaug.

Í dag er faglega gert ráð fyrir að skólastjóri fari með ábyrgð á starfsemi 15 árganga. Hann þarf að stuðla að því að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir, menntastefnu Reykjavíkurborgar og aðrar stefnur borgarinnar og ríkisins í menntamálum. Þetta var vel



hægt þegar Dalskóli var stofnaður og mun færri nemendur voru skráðir í skólann. En með hraðri fjölgun nemenda í dalnum hefur utanumhald orðið meira krefjandi.

Skólastjóri Dalskóla lét af störfum um áramót. Gengið hefur verið frá tímabundinni ráðningu stjórnanda til loka þessa skólaárs. Hér skapast því tækifæri ef ákvörðun er tekin um skipulagsbreytingu í stjórnun skólans. Með breytingum á rekstrarformi skólans aukast tækifæri til rýnis og aðhalds í rekstri.

Gert er ráð fyrir að með breytingunni verði skólastjóri á hvoru skólastiginu sem hafi betri yfirsýn, bæði faglega og rekstrarlega með stuðningi frá stoðþjónustum skóla- og frístundasviðs. Áfram er gert ráð fyrir faglegu samstarfi milli leik- og grunnskólans og rík áhersla á að byggja áfram á því öflugra fagstarfi sem Dalskóli hefur þróað á milli leik- og grunnskóla. Ennfremur verði áfram gott samstarf á milli leik- og grunnskólans við frístundaheimilið og félagsmiðstöðina sem hefur verið þróað á liðnum árum í samvinnu við menningarhúsið á staðnum. Einnig er áfram gert ráð fyrir samstarfi vegna skólamáltíða og umsjón húsnæðisins.

Gert er ráð fyrir að nýjar stöður stjórnenda verði auglýstar lausar til umsóknar á vormánuðum 2025.

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna breytinganna.